

## Íbúaráð Laugardals

Ár 2022, mánudaginn, 11. apríl, var haldinn 25. fundur íbúaráðs Laugardals. Fundurinn var haldinn með fjarfundabúnaði og í Ráðhúsi Reykjavíkur - Tjarnarbúð og hófst kl. 17:05. Eftirtaldir íbúaráðsfulltrúar voru viðstaddir: Kristín Elfa Guðnadóttir og Sabine Leskopf. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með fjarfundarbúnaði með vísan til heimilda í 1. másl. 1. mgr. 54. gr. sbr. 4. másl. 1. mgr. 13. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar varðandi fjarfundarheimild: Katrín Atladóttir, Lilja Sigrún Jónsdóttir, Þorsteinn Guðmundsson og Ísak Andri Ólafsson. Fundinn sat einnig Heimir Snær Guðmundsson sem ritaði fundargerð og Helga Margrét Guðmundsdóttir sem sat fundinn með fjarfundarbúnaði.

### Þetta gerðist:

1. Lagt fram erindi íbúa í hverfinu dags. 27. mars 2022 um skipulagsmál og umgengni í Vogabyggð 3.

Íbúaráð Laugardals leggur fram svohljóðandi bókun:

Íbúaráð Laugardals þakkar Guðrúnu Gunnlaugsdóttur fyrir vandaða kynningu á umgengnisvanda í Kænavogi og Súðarvogi og beinir því til skipulagsfulltrúa og heilbrigðiseftirlits að svara erindi íbúa.

Guðrún Lilja Gunnlaugsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

2. Fram fer kynning frá Íbúasamtökum Laugardals vegna hverfisskipulagsvinnu.
3. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs dags. 21. mars 2022 vegna auglýsingar á tillögu að breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 2-4 við Sóltún.
4. Fram fer umræða um málefni hverfisins.
5. Lagðar fram til afgreiðslu umsóknir í hverfissjóð. Þessi liður fundarins er lokaður.

Samþykkt að veita Andra Ólafssyni styrk að upphæð kr. 284.205,- vegna verkefnisins Teigar-Lækir-Brasilía – heimstónlist á Kaffi Laugalæk.

### Fundi slitið kl. 18:26

Kristín Elfa Guðnadóttir

Sabine Leskopf  
Katrín Atladóttir  
Ísak Andri Ólafsson

Lilja Sigrún Jónsdóttir  
Þorsteinn Guðmundsson